

## **Borgarstjórn Reykjavíkur**

### **18. maí 2021**

#### **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að auknu fjármagni verði veitt til að sporna við klámáhorfi grunnskólabarna**

Flokkur fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að veita auknu fjármagni til skólanna, þ.e. kennara og starfsfólks frístundaheimila og ráðgjafateymis um kynferðisofbeldi í skóla- og frístundastarfi (Jafnréttisskólans), til að efla fræðslu og forvarnir grunnskólabarna um skaðsemi og afleiðingar klámáhorfs. Þetta er lagt til í ljósi niðurstaðna könnunar um klám og klámáhorf grunnskólabarna sem Rannsókn og greining birti í febrúar 2021. Niðurstöður sýna að um 30% stúlkna í 10. bekk hafa sent af sér ögrandi myndir eða nektarmyndir og um 6% hafa selt slíkar myndir. Um 24% stráka í 10. bekk hafa verið beðin um að senda slíka mynd og 15% hafa gert slíkt. Stýðja þarf jafnframt við bakið á samtökum, s.s. Heimili og skóla (Landssamtök foreldra) sem reka einnig SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) og Samfok (Svæðissamtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík). Markhópur þessara samtaka eru foreldrar/forsjáraðilar. Markmiðið er að veita þeim fræðslu og stuðning m.a. með því að halda málþing og námskeið. Skóla- og frístundasvið, skólustjórnendur, starfsfólk frístundaheimila og hagsmunasamtök barna og foreldra þurfa nú að taka höndum saman með það að markmiði að stuðla að vitundarvakningu og styrkja foreldra til að setja börnum sínum viðeigandi reglur og fylgjast grannt með net- og tölvunotkun barna sinna.

#### **Greinargerð**

Niðurstöður Rannsókna og greiningar komu flestum á óvart. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að kennarar og starfsfólk frístundaheimila, ráðgjafateymi um kynferðisofbeldi (Jafnréttisskólinn) og samtök sem standa vörð um hagsmuni foreldra og barna fái aukinn fjárhagslegan stuðning og ekki síður móralskan stuðning til að sporna við klámáhorfi grunnskólabarna.

Til að spyrna fótum við þessari vá sem niðurstöður könnunar Greiningar og ráðgjafar sýna þarf aukið fjármagn úr borgarsjóði svo efla megi fræðslu og forvarnir til þeirra aðila og samtaka sem sinna því hlutverki. Það er í höndum skóla- og frístundaráðs/-sviðs í samvinnu við skólana, starfsfólks frístundaheimila og Jafnréttisskólans að meta hversu mikið viðbótarfjármagn er nauðsynlegt til að geta gert enn betur í forvörnum og fræðslu í ljósi þessara niðurstaðna.

Víða er unnið gott starf bæði í skólum, af fagteymi á vegum borgarinnar og samtökum foreldra og barna. Í skólum eru kennarar og frístundafólk að takast á við þessi mál þegar þau koma upp. Styrkja þarf innviði skólanna til að geta sinnt forvörnum í auknum mæli og tekið á málum sem kunna að koma upp. Tryggja ber einnig að kennarar og starfsfólk frístundaheimila eigi vísan stuðning og fræðslu hjá skóla- og frístundasviði. Með auknu fjármagni mætti einnig efla starf ráðgjafateymis og Jafnréttisskólans svo hægt sé að fjölga fyrirlesturum og námskeiðum um m.a. klám og ofbeldi.

Meginniðurstöður könnunar Rannsókna og greiningar voru að um þrjátíu prósent stúlkna í 10. bekk hafa sent af sér ögrandi myndir og/eða nektarmyndir.

Um 6 prósent nemenda í 10. bekk hafa selt slíkar myndir.

Um 5 prósent stúlkna í 10. bekk á Íslandi hafa verið beðnar um að senda af sér ögrandi myndir eða nektarmyndir í gegnum netið. Þriðjungur stúlkna hefur sent slíkar myndir.

Alls hafa 24 prósent stráka í 10. bekk verið beðin um að senda slíka mynd og 15 prósent hafa gert slíkt. Um 2,2 prósent stráka í 10. bekk hafa sent slíka mynd gegn greiðslu en 3,8 prósent

stúlkna á sama aldri Af þessu má sjá umfang kynferðislegra myndsendinga meðal barna. Stór fjöldi ungmenna hefur sent ögrandi mynd eða nektarmynd gegn greiðslu.

Fræða þarf börn og ungmenni um þessi mál, hjálpa þeim að þjálfa gagnrýna hugsun og hvetja þau til að „vingast“ ekki við eða eiga í samskiptum á netinu við aðila sem þau vita ekki í raun hver er. Nú þarf að bregðast við af krafti sem aldrei fyrr með enn meiri fræðslu um t.d. hættuna sem fylgir því að þiggja greiðslu fyrir kynferðislegar myndsendingar.

Ástæður fyrir þessum geigvænlegu niðurstöðum eru flóknari en svo að þær verði reifaðar hér. Víst má þó telja að það er eitthvað að breytast varðandi viðhorf til þessara mála, ný norm hafa myndast. Hópi barna finnst þetta ekki tiltökumál en því miður eru þau ekki að átta sig á hættunni sem þessu fylgir og afleiðingum sem myndsendingunum, dreifingu og sölu geta fylgt.

Fram hefur komið hjá forstöðumanni Barnahúss að á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hafi 15 börn undir 15 ára aldri komið í Barnahús eftir að hafa sent kynferðislegar sjálfsmyndir. Þau voru innan við tíu allt árið í fyrra. Þetta sýnir að klámáhrif barna eru að aukast mjög. Stundum hafa börnin verið þvinguð til að senda slíkar myndir og sláandi er að sjá hversu mörg barnanna hafa kynnst gerandanum í gegnum netið.

Það er mikið áfall fyrir foreldra að uppgötva að barnið þeirra hafi sent kynferðislegar sjálfsmyndir sem eru jafnvel komnar í sölu og dreifingu á netinu. Dreifing á myndum er líka gríðarlegt áfall og byrði fyrir unga manneskju. Þegar brotið er á ungu fólki eða börnum með þessum hætti er mikilvægt að bjóða upp á áfallahjálp, ráðgjöf og eftirfylgni til lengri tíma. Eins og fulltrúi Flokks fólksins hefur margítrekað bráðvantar fleiri fagaðila hjá skólaþjónustu borgarinnar sem anna engan veginn beidnum um aðstoð. Nú bíða eftir þjónustu rúmlega 950 börn í það minnsta. Það er jafnframt hlutverk skólaþjónustunnar að hlúa að foreldrum og styðja þá í foreldrahlutverkinu með viðtölum og námskeiðum. Hvetja þarf foreldra og leiðbeina þeim að setja viðeigandi reglur um net- og skjánotkun barna þeirra og gera kröfu um að fylgjast með hvað það er sem börnin þeirra eru að skoða á netinu og við hverja þau eru að hafa samskipti.

Spurt hefur verið um hvort foreldrar geti og eigi að hafa óheftan aðgang að snjalltækjum barna sinna. Á því leikur enginn vafi enda foreldrar ábyrgir fyrir hversu mikil net- og skjánotkun er á heimilinu. Margir foreldrar veigra sér hins vegar við því að setja reglur sér í lagi ef börn þeirra mótmæla slíku eftirliti.

Með samstilltu átaki má efla allt foreldrasamfélagið til að fylgja reglum. Umboðsmaður barna hefur m.a. gefið út net- og skjáviðmið ásamt leiðbeiningum fyrir foreldra. Foreldrar verða að þora að fara eftir viðmiðunum og vera vakandi yfir við hverja börn þeirra eru að vingast. Foreldri sem er forvitið og afskiptasamt er foreldri sem sýnir ábyrgð þegar kemur að þessum erfiðu málum.

Mikilvægt er að foreldrar virði aldurstakmörk leikja og samfélagsmiðla og séu að sjálfsögðu sjálfir góðar fyrirmyndir. Það eru aldurstakmörk á samfélagsmiðlum og þau eru ekki sett að ástæðulausu. Foreldrar og ungmenni þurfa að eiga samtal um netið og skjánotkun. Best af öllu er ef hægt er að sammælast um reglur og jafnvægi.

Styðja þarf við kennara og starfsfólk frístundaheimila sem eru lykilaðilar á vettvangi til að takast á við vandann sem við blasir. Námskeið eða annað inngríp Jafnréttisskólans og fagteymis hans koma að miklu gagni. Heimili og skóli (SAFT), Samfok og Barnaheill á Íslandi vinna einnig ómetanlegt starf með ábendingum sínum, fræðslu og hvatningu. Það er því afar mikilvægt að einskis verði látið ófreistað til að snúa við þeirri þróun sem sýnilega hefur orðið og færa hana til betri vegar. Hér má einnig nefna áhrif fjölmiðlanna. Fjölmiðlar gegna ábyrgðarhlutverki í þessari umræðu sem og annarri.